

Ed.

559. Frumvarp til laga

[201. mál]

um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til þess að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Kirkjumálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum nýbýlastjórnar og með samþykki skipulagsnefndar prestssetra, enda náist ekki samkomulag við hlutaðeigandi prest, að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu samkv. lögum um ættaróðal og erfðaábúð hluta af þeim prestssetursjörðum, sem taldar eru heppilegar til nýbýlastofnunar og prestur nýttjar ekki að öllu leyti eða þarf til búrekstrar sjálfur.

2. gr.

Nú er ákveðið að skipta prestssetursjörð í tvö eða fleiri býli samkvæmt ákvæðum 1. gr., og skulu þá úttektarmenn meta afgang af býli því eða býlum, sem frá jörðinni eru skilin. Renna afgangur til hlutaðeigandi prests, þar til næst fer fram mat á heimatekjum presta, sbr. lög nr. 46 1907, en síðan í fyrningarsjóð viðkomandi prestsseturs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.